

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 6 í stjórn Herjólfss ehf, símafundur fimmtudaginn 26. Júlí 2018 kl. 20:00

Mættir: Grímur Gíslason (GG), Lúðvík Bergvinsson (LB), Kristín Jóhannsdóttir (KJ), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI) og Páll Guðmundsson.

1. GG og LB gerðu grein fyrir fundi sem að þeir áttu með fulltrúum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra, Njáli Ragnarssyni, Jónu Sigríði Guðmundsdóttur, Hildi Sólveigu Sigurðardóttur og Sigurbergi Ármannssyni, prókúruhafa félagsins. Á fundinum fóru LB og GG yfir stöðu mála eftir brotthvarf GKG verkefnisstjóra, og hver staða einstakra mála væri. Þá svöruðu LB og GG fyrirspurnum sem fram komu á fundinum um stöðu mála.
2. Formaður kynnti formlega beiðni sem félaginu hefur borist frá bæjarstjóra Vestmannaeyja, sem handhafa alls hlutafjár í félaginu, en félagið er í eigu bæjarins, um að haldinn verði hluthafafundur í félaginu þar sem á dagskrá verði skýrsla stjórnar og kosning nýrrar stjórnar.

Óskað er eftir því að hluthafafundurinn fari fram miðvikudaginn 1. ágúst kl. 18:00.

Fyrir fundinn voru lögð drög að fundarboði.

Stjórnarmenn ræddu bæði drögin og ósk bæjarstjóra um hluthafafund og tímasetningu hluthafafundarins. Gerðar voru athugasemdir af hálfu stjórnarmanns við það að boðun fundarins væri ekki í samræmi við samþykktir félagsins. Í þeim sé gert ráð fyrir viku fyrirvara á boðun hluthafafundar. Samkvæmt álitu lögmanns félagsins er þó ekkert því til fyrirstöðu að boða fund með skemmri fyrirvara ef að þeir sem boða á til fundarins gera ekki athugasemdir við það. Það er stjórnarinnar að ákveða hvort og þá hvenær boðað er til fundarins.

Meirihluti stjórnar samþykkir að boða til hluthafafundar miðvikudaginn 1. ágúst kl. 18:00 2018. Einn stjórnarmanna greiddi atkvæði gegn samþykktinni.

3. GG og LB gerðu grein fyrir næstu skrefum í mannaráðningum. Gert er ráð fyrir að auglýsa öll störf um borð í skipinu, sem ekki hafa áður verið auglýst, laus til umsóknar, sem og störf á skrifstofu í landi um komandi helgi. Þá mun einnig verða auglýst staða framkvæmdastjóra.

Samþykkt samhljóða.

[Redacted signature block]

5. LB og KJ gerður grein fyrir fundi sem að þau áttu í dag með fulltrúum ferðaþjónustunnar í Eyjum þar sem fram kom mikill stuðningur við þá stefnu sem að stjórnin er að marka varðandi aukna ferðatíðni og betri þjónustu með komu nýja skipsins.

Fleira ekki bókað. – Fundi slitið kl. 21:00.

Fundargerð ritaði Grímur Gíslason